

Ed.

436. Frumvarp til laga

[231. mál]

um breyting á lögum nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Við 3. gr.:

a) 27. tölul., 1. mgr., orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 300 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó ekki nema meiru en 80 þúsund krónum. Þó skal heimilt að lækka gjöld á allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 120 þús. krónur fyrir þá, sem mest eru fatlaðir eða lamaðir, en geta þó ekið sjálfir sérlega útbúinni bifreið.

b) 41. tölul. orðist svo:

Að endurgreiða bifreiðastjórum, sem hafa akstur leigubifreiða að aðalstarfi, mismun á 90% og 70% tollgjöldum af bifreiðum. Auk þess er heimilt að endurgreiða allt að 50 þús. krónum af tolli hvernar bifreiðar fyrir sömu aðila, þó aldrei af fleiri bifreiðum en 250 árlega, og eftirgjöfin verði aldrei meiri en svo, að tollur nemi 40%. Ráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ganga verulega til móts við óskir Öryrkjabandalags Íslands og samtaka leigubifreiðastjóra um lækkun aðflutningsgjalda af bifreiðum. Bifreiðar hafa hækkað mjög í verði vegna tveggja gengislækkana. Afnáam leyfisgjalds hefur að vísu dregið mjög úr þeirri verðhækkun og að auki var tollur af leigubifreiðum lækkaður úr 90% í 70%. Engu að síður er hér um háan toll að ræða miðað við önnur atvinnutæki. Þykir því rétt að veita atvinnubifreiðastjórum aukin tollfríðindi, sem miðist við ákveðna fjárhæð til að stuðla að kaupum ódýrari bifreiða, þó þannig að þeir greiði aldrei lægri hundradshluta í toll en greitt er af öðrum atvinnubifreiðum. Þá er og talið eðlilegt, að miða eftirgjöfina við eðlilega endurnýjun leigubifreiða árlega.

Öryrkjabandalag Íslands hefur lagt sérstaka áherzlu á aukin tollfríðindi vegna þeirra manna, sem búa við alvarlegasta fötlun og þurfa af þeim ástæðum að fá sérstaklega útbúnar bifreiðar, en þær bifreiðar eru yfirleitt í hærri verðflokki en bifreiðar, sem fatlaðir geta almennt látið sér nægja. Er því lagt til að hækka eftirgjöf fyrir 25 slíka sjúklinga árlega úr 70 þús. kr. í 120 þús. kr., en almennt hækkar tolleftirgjöfin um 10 þús. kr. og verður þá um óverulegt tollgjald að ræða af hinum minni bifreiðum.